

Ed.

193. Nefndarálit

[121. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67 1971, sbr. l. nr. 112/1972 og 62/1974 um almannatryggingar.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Frv. þetta er lagt fram á síðustu dögum þings fyrir jólaeyfi, svo borin von er að nán skoðun fái á efnisþáttum þess og réttmæti þeirra.

Frv. hefur heldur nær enga athugun fengið í nefnd og engar nýjar upplýsingar fengist af hálfu þeirra, sem um frv. fjölluðu. Hér er um að ræða frv. til að standa við yfirlýsingar í fjárlagafrv. um niðurskurð almannatrygginga til að minnka ríkisumsvif. Það er athyglisvert, hverjir sérstaklega eru valdir til þess að taka þessa skerðingu á sig, þ. e. það fólk, sem sérstaklega þarf á sérfræðipjónustu að halda eða beinlínis notar mikið af lyfjum að læknisráði, án þess að vera haldið þeim sjúkdómum sem losa fólk undan gjaldskyldu af þessu tagi.

Hér er um að ræða 480 millj. kr. eða sem svarar yfir 2000 kr. á hvert mannsbarn í landinu eða 10 þús. kr. rúmar á 5 manna fjölskyldu, svo augljóst er að hér eru þungar álögur lagðar á þá, sem mest þurfa á lyfjum og sérfræðiaðstoð að halda. Hér er um að ræða skref aftur á bak, sem brýtur í bág við meginhugsunina að baki almannatryggingalaganna. Gegn þessu ber því að snúast.

En meira þurfti til, því þótt alvarleg skekkja væri í fjárlagafrv., sem bjargaði ríkisstjórninni um nær 400 millj. kr., þegar allar leiðréttingar voru fram komnar ýmist til lækkunar og hækkunar, þá þurfti niðurskurðurinn að vera 1667 millj. svo að endar næðu saman og hefur þó ekki fengist fullnægjandi skýring á þessari tölu.

Meginefni frv. um sparnað og niðurskurð felast hins vegar í nýju skattlagningarformi, sem á að líta svo út sem opinber umsvif séu dregin saman.

3. gr. frv. fjallar um það að innheimta tekjur til sjúkratrygginga í gegnum sveitarfélögin með því að leggja 1% ofan á áætlaðan gjaldstofn útsvara. Þannig á að fela nær 1200 millj., sem ríkisstjórnin hyggst svo láta líta út sem minnkandi ríkisútgjöld, þótt hér sé um það eitt að ræða að sveitarfélögin gerast ákveðinn innheimtuaðili fyrir ríkið.

Með því að velja þessa leið er fyrir því séð, að atvinnureksturinn er undanþeginn þessum álögum, en jafnframt leggjast álögurnar af auknum þunga á almenna útsvarsgreiðendur og ná auk þess til enn lægri tekna en annars hefði verið. Fyrir liggur, að um þessa leið var ekki minnsta samráð haft við þann aðila, sem innheimtuna á að annast, þ. e. sveitarfélögin eða heildarsamtök þeirra, Samband ísl. sveitarfélaga.

Framkvæmdastjóri þeirra samtaka lýsti frv. eins og kaldri gusu framan í sveitarfélögin á fundi í heilbr.- og trn. Þessi aðferð brýtur sömuleiðis gjörsamlega í bága við yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar um hreinni verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Alþýðubandalagið er andvígð hvoru tveggja, hinni sérstöku hækkun lyfja og sérfræðipjónustu og sömuleiðis því nýja skattlagningarformi, sem farið er inn á eftir krókaleiðum. Ég legg til, að frv. þetta verði fellt.

Alþingi, 16. des. 1975.

Helgi F. Seljan.